

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna 2022

Niðurstöður

Hestur, Borgarfirði

Nafn	Númer	Aldur	Lífþ.	Ómmælingar			Kjötmat				Nánara mat og mælingar á skrokkum						
				Ómv.	Ómf.	Lag	Fallþ.	Gerð	Fita	kjöt%	Læra-stig	Framp. Stig	J-mál (fita)	V (vidd)	Th (dýpt)		
Jaður	20-891	Börkur	17-842	133	40,7	29,8	2,7	3,8	16,7	9,3	5,4	41,0	4,03	3,94	7,5	164	262
Hemúll	21-667	Morrinn	20-650	134	39,0	28,9	2,6	3,6	15,7	8,8	4,6	40,1	3,74	3,91	7,5	168	259
Teigur	21-670	Reitur	20-652	136	37,6	29,4	2,3	3,9	15,0	8,5	4,5	39,9	3,89	3,93	6,2	164	260
Sendill	21-671	Pakki	20-653	137	41,0	29,1	2,6	3,6	16,9	10,0	5,0	41,3	4,27	4,38	7,7	169	262
Póstur	21-672	Pakki	20-653	136	36,8	28,3	2,4	3,6	14,4	8,5	3,9	38,9	3,73	3,85	6,5	163	252
Texti	21-673	Fontur	20-655	138	40,9	27,5	2,6	3,5	15,9	8,2	4,3	38,9	3,78	3,82	7,0	162	258
Frakki	21-674	Galli	20-875	137	38,4	27,0	2,8	3,6	14,5	8,4	5,0	37,7	3,58	3,65	5,6	156	258
Sesar	21-677	Ástrikur	20-660	137	39,2	28,8	2,3	3,8	15,7	8,5	5,0	40,0	4,01	3,93	6,6	163	260
Hjalli	21-678	Heimakl	16-826	139	37,7	29,6	2,6	4,0	15,1	8,9	4,8	39,9	3,91	3,90	6,7	162	258
Brandur	21-679	Viðar	17-844	137	36,0	29,0	2,0	3,7	14,9	10,3	4,3	41,3	4,34	4,08	6,0	164	249
Barri	21-682	Viðar	17-844	138	39,5	27,7	2,7	3,5	15,7	9,2	5,2	39,5	3,84	3,95	7,6	165	254
Strokkur	21-898	Hvirfill	20-647	138	38,7	29,2	3,1	3,7	16,3	9,6	5,3	42,1	4,18	4,17	7,3	168	262
Meðaltal				137	38,8	28,7	2,6	3,7	15,6	9,0	4,8	40,0	3,94	3,95	6,9	164	258

Tveir hrútar voru valdir fyrir sæðingstöðvarnar úr afkvæmarannsókninni á Hesti. Annar þeirra er Jaður 20-891 frá Múlakoti, sem jafnframt var eini aðkomuhrúturinn sem fenginn var til prófunar. Hinn hrúturinn er Strokkur 21-898 frá Hesti. Báðir þessir hrútar voru að skila góðum vænleika sláturlamba og góðri gerð. Þá var horft til þess að þeir stóðu vel í kynbótamati fyrir alla eiginleika og að Jaður hafði áður sýnt athyglisverðar kjötmatsniðurstöður. Í þessari rannsókn átti Brandur 21-679 þann hóp sem sýndi besta gerð en hann var útilokaður vegna tengingar föður hans, Viðars 17-844, við bógkreppu. Sendill 21-671 átti einnig mjög vel gerð afkvæmi en synir hans sem fóru í sláturhús úr afkvæmarannsókninni voru of fáir svo hægt væri að leggja traust á niðurstöðurnar eða aðeins 6 lambhrútar. Sendill er sonur Pakka 20-653, sem var sonur Kassa 19-635 sonar Ramma 18-834.

Kollsa, Hrutafirði

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fall-pungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Gauti	21-245	Gaukur	20-234	102,6	115,9	127,4	115,3	18,4	10,5	6,2	28,9	2,7	17,6	133,4
Nói	20-232	Bliki	16-819	103,9	108,6	127,4	113,3	18,4	10,0	6,1	29,7	2,9	17,4	135,8
Frosti	21-241	Fennir	19-857	95,8	116,1	119,8	110,6	17,6	10,0	5,9	28,6	2,5	17,1	131,5
Neisti	21-244	Nói	20-232	106,1	106,3	104,0	105,5	18,9	9,7	5,9	29,7	3,3	17,0	129,7
Gaukur	20-234	Fálki	17-821	94,8	120,8	100,8	105,4	17,5	10,0	5,6	27,9	2,6	17,1	130,4
Kalli	20-304	Kristján	19-313	99,2	104,3	112,7	105,4	18,0	10,2	6,5	28,1	2,8	17,4	126,6
Kústur	19-026	Sópur	18-308	100,9	97,4	107,8	102,0	18,1	10,2	6,8	28,2	2,9	17,4	134,5
Breddi	19-224	Bralli	17-205	107,4	110,2	88,1	101,9	18,9	10,5	6,5	27,6	2,8	17,1	128,1
Kostur	21-243	Breddi	19-224	96,3	113,5	89,7	99,8	17,5	9,6	5,4	27,5	2,7	16,9	129,1
Bútur	21-239	Óliver	19-276	99,5	91,6	97,9	96,3	18,0	9,8	6,6	27,8	2,9	17,3	134,1
Prins	20-374	Viddi	16-820	100,6	91,8	88,8	93,7	18,1	10,0	6,8	28,2	3,2	17,0	131,5
Þorri	20-228	Olli	16-261	104,5	81,7	73,8	86,7	18,5	9,7	7,0	26,8	3,0	16,9	129,6
Galdur	20-237	Ebbi	19-221	92,7	74,9	86,0	84,5	17,4	9,7	7,3	27,8	3,2	17,1	127,4
Ebbi	19-221	Ebiti	13-971	98,8	79,2	74,3	84,1	17,9	9,9	7,3	27,5	3,3	17,0	128,6
Meðaltal:								18,0	10,0	6,5	28,1	2,9	17,2	130,8

Hér voru þeir valdir fyrir sæðingastöðvarnar Kalli 20-893 frá Valþúfu og Kústur 19-889, fæddur í Miðdalsgröf en fenginn frá Hornstöðum í Dölum. Báðir foreldrar Kalla eru fæddir í Gautsdal í Reykhólahreppi og liggja því rætur hans þar. Kústur og Kalli stóðu sig með sóma í afkvæmarannsókninni en við val þeirra var einnig horft til þess að þeir væru efnilegir alhliða hrútar. Þriðji aðkomu hrúturinn í rannsókninni var Prins 20-374 frá Laxárdal. Sá hrútur sem stóð efstur í þessum samanburði var hinsvegar veturgamall heimahrútur, Gauti 21-245. Þetta er mjög efnilegur kynbótahrútur og fer mjög vel af stað sem lambafaðir líkt og hann á kyn til. Faðir hans Gaukur 20-234 hefur staðið sig vel sem lambafaðir á Kollsá en hann er sonur Fálka 17-821. Þar sem tveir afkomendur Fálka voru teknir inn á stöðvarnar í haust, þeir Glæsir 19-887 frá Litlu-Ávík og Gimsteinn 21-899 frá Þernunesi var ákveðið að horfa ekki til Gauta að sinni.

Melar, Árneshrepp

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallp.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fall-þungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Jónatan	20-294	Jesper	14-082	110,4	109,5	101,8	107,3	23,6	13,0	7,6	31,9	3,1	18,3	130,2
Glói	21-321	Glæsir	19-887	117,8	101,7	100,0	106,5	23,8	12,6	7,8	32,4	3,4	18,2	130,6
Skjár	20-295	Glæsir	19-887	109,7	116,2	91,4	105,8	22,6	13,1	7,5	31,6	3,6	18,3	127,4
Glæsir	19-887	Fálki	17-821	104,2	95,1	112,4	103,9	22,1	11,8	7,1	33,3	3,3	18,1	135,7
Lundi	19-281	Blíki	16-819	97,0	109,2	92,0	99,4	21,3	12,7	7,2	32,3	3,7	18,0	127,9
Sómi	21-320	Skjár	20-295	95,5	90,3	106,6	97,4	20,7	11,8	7,4	31,8	2,9	18,0	132,1
Ari	20-114	Amor	19-145	92,1	106,4	91,9	96,8	20,2	11,6	6,0	31,4	3,1	17,9	129,9
Gói	21-316	Glæsir	19-887	94,4	93,2	98,2	95,2	20,8	12,0	7,3	31,7	3,3	18,2	130,2
Grámann	21-323	Bobbi	20-309	80,2	76,3	106,8	87,8	19,4	11,7	7,5	32,2	3,3	18,1	128,5
Meðaltal:								21,6	12,3	7,3	32,1	3,4	18,1	129,8

Á Melum voru tveir aðkomuhrútar þátttakendur í afkvæmarannsókninni. Það voru þeir Ari 20-114 frá Heydalsá 1 og Glæsir 19-887 frá Litlu-Ávík. Glæsir var eini hrúturinn sem tekin var á sæðingastöð. Glæsir átti frábæran árangur að baki síðustu ár bæði á Melum og heima í Litlu-Ávík. Hér keppti hann við þrjá syni sína og einn sonarson. Efstur í þessum samanburði er þá hrútur sem ekki ber „Fálkablóðið“, en Jónatan 20-2974 átti glimrandi góðan hóp. Sökum þess hve lágt mat hann hafði fyrir mjólkurlagni var ákveðið að fala hann ekki að sinni. Glói 21-321 sonur Glæsis var annar í röðinni en því miður var þessi hrútur of skammlífur til þess að hann kæmi til greina sem stöðvahrútur. Þá var Skjár 20-295 með mjög glæsilegar niðurstöður. Hann var greinilega mjög sterkur á góða gerð og öflugna afturpart en hinsvegar var bakvöðin ekki þykkur hjá afkvæmum hans miðað við hjörðina á Melum en þessi hrútur er einnig fallinn

Bergsstaðir, Miðfirði

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fall-þungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Reimar	20-142	Rammi	18-834	100,6	131,2	133,8	121,8	19,9	13,1	7,4	32,1	2,9	18,1	121,0
Hnaus	20-890	Köggull	17-810	100,8	113,0	124,1	112,6	19,9	12,3	6,5	31,3	2,7	17,9	117,1
Fróði	18-880	Axel Vilhel	17-262	101,9	94,3	111,2	102,5	20,0	11,9	6,9	31,1	2,9	17,8	118,3
Baldur	19-886	Baukur	15-018	101,2	118,0	110,7	109,9	19,9	12,4	6,5	31,1	3,1	18,0	117,8
Keli	20-661	Amor	17-831	96,6	102,0	104,4	101,0	19,4	11,9	7,1	30,1	2,7	17,9	115,2
Derrick	20-144	Drjúgur	17-808	97,6	78,4	84,9	86,9	19,6	11,4	7,4	29,9	3,5	18,0	118,6
Felix	21-300	Fáni	19-305	107,2	90,2	80,2	92,6	20,8	12,1	6,9	29,7	3,0	17,7	121,1
Atrix	20-150	Amor	17-831	99,1	96,1	76,7	90,6	19,7	11,9	7,3	29,8	3,2	17,6	121,0
Már	20-306	Máni	19-111	96,2	75,5	73,5	81,7	19,4	11,1	7,0	29,0	2,9	17,7	123,0
							Meðaltal:	19,8	12,0	7,0	30,4	3,0	17,9	119,3

Á Bergstöðum voru fjórir aðkomuhrútar í prófun. Það voru þeir Hnaus 20-890 frá Mýrum 2, Fróði 18-880 frá Bjargi, Baldur 19-886 frá Urriðaá og Keli 20-661 frá Efri-Fitjum. Þrír af þeim voru síðan falaðir af sæðingastöðvunum í kjölfar rannsóknarinnar, þeir Hnaus, Fróði og Baldur. Í meðfylgjandi uppgjöri er eingöngu byggt á hrútlömbum en einnig voru gimbrar mældar undan þessum hrútum og þar átti Fróði öflugasta hópinn. Í hrútaskoðuninni stóð efstur hrúturinn Reimar 20-142 frá Bergstöðum en hann átti í raun best gerða hrútlambahópinn bæði samkvæmt kjötmati og líflambaskoðun. Ákveðið var að fala þennan hrút ekki að sinni þar sem hrútur frá búinu, Viðar 17-844 hefur verið tengdur við erfðagallann bógreppu. Hinsvegar liggja ekki fyrir vísbendingar sem gefa til kynna að Reimar beri gallann og verður því fylgst með honum áfram. Reimar er sonur Ramma 18-834 frá Hesti og dóttursonur Unaðsbolta 14-144 sem var sonur Runna 11-014 frá Urriðaá.

Borgarfell, Skaftártungu

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fall-þungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Sveinn	20-604	Völlur	18-835	105,0	125,2	109,5	113,2	19,2	11,3	6,4	29,9	2,3	17,4	152,9
Askur	19-884	Óðinn	17-520	101,5	116,1	113,9	110,5	18,9	10,9	6,3	30,1	2,8	17,9	150,4
Stígur	20-605	Glámur	16-825	97,4	109,3	123,5	110,1	18,4	10,7	6,3	30,9	2,4	17,6	152,3
Funi	18-487	Fáfnir	16-995	97,7	94,2	136,7	109,5	18,5	10,2	6,4	30,8	2,3	17,8	152,8
Hamar	20-606	Dreki	13-953	95,5	106,0	111,0	104,2	18,3	10,9	6,7	29,9	2,8	17,8	152,9
Tjörvi	20-490	Völlur	18-835	99,9	113,7	87,1	100,3	18,7	10,3	5,8	28,6	2,3	17,2	151,0
Angi	18-882	Stapi	16-829	104,5	93,3	89,4	95,7	19,1	10,3	6,6	28,7	2,5	17,4	152,2
Kjarni	21-616	Rammi	18-834	104,9	80,2	85,7	90,3	19,1	9,3	6,1	29,1	2,5	17,0	155,2
Gnýr	21-615	Stígur	20-605	92,4	72,6	62,0	75,7	18,1	9,1	6,1	28,4	2,9	16,9	155,1
							Meðaltal:	18,7	10,2	6,3	29,5	2,6	17,4	152,9

Á Borgarfelli raðast efstur í samanburðinum Sveinn 20-604. Sláturlömbin skárust vel undan Sveini, væn og vel gerð. Gallinn við þennan hrút er að hann er með 6,5 fyrir höfuð samkvæmt lambsdómi og því ekki spennandi til framræktunar. Annar í röðinni er Askur 19-884 frá Kirkjubæjarklaustri sem var annar tveggja aðkomuhrúta í rannsókninni. Hann fékk hér góða

dóma og var valinn fyrir stöðvarnar. Askur var sá hrútur sem skilaði öflugustum afturparti og bestu gerðarmati í sláturhúsi. Hann átti jafnframt býsna vænan afkvæmahóp þrátt fyrir að þetta væri að jafnaði yngstu lömbin. Hinn aðkomuhrúturinn var Tjörvi 20-490 frá Herjólfsstöðum en hann náði ekki miklu flugi í þessari rannsókn. Heimahrúturnir Stígur 20-605 og Funi 18-487 sýndu báðir jákvæð teikn en hvorugur kom til álita fyrir stöðvarnar þar sem þeir drápust fyrir aldur fram. Ásamt Aski var Angi 18-882 frá Borgarfelli falaður fyrir stöðvarnar en hann er verulega álitlegur ærfaðir og stóð sig hér ljómandi vel sem lambafaðir. Skilaði góðum vænleika og var við meðaltalið fyrir gerð sláturlamba og lærastig.

Ytri-Skógar, Eyjafjöllum

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fall- þungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Sævar	21-702	Grettir	20-877	101,3	120,7	132,4	118,1	18,1	11,3	6,4	32,7	2,4	17,9	140,5
Snjall	21-701	Amor	17-831	102,1	118,1	128,1	116,1	18,2	11,0	6,2	32,5	2,2	17,8	140,4
Þór	21-697	Mjólnir	16-828	97,5	118,9	91,4	102,6	17,6	11,2	6,2	29,9	2,2	17,7	140,9
Gramur	21-696	Garpur	16-838	99,2	104,8	96,1	100,0	17,8	10,9	6,7	30,8	2,6	17,8	142,2
Bakkus	21-694	Mjólnir	16-828	100,6	91,0	90,2	93,9	18,0	9,7	6,3	30,5	2,2	17,6	141,5
Haukur	21-700	Heimaklet	16-826	104,5	98,0	72,4	91,6	18,3	10,6	6,8	30,6	2,9	17,6	143,8
Farsæll	21-690	Þristur	20-662	92,5	74,5	98,1	88,4	17,1	10,1	7,2	31,2	2,5	17,7	140,7
Skjár	21-695	Rammi	18-834	101,8	71,3	92,0	88,4	18,1	9,0	6,5	31,5	2,6	17,3	142,0
							Meðaltal:	17,9	10,5	6,6	31,3	2,5	17,7	141,6

Að þessu sinni keppti einn aðkomuhrútur við veturgömlu hrútana á Ytri-Skógum. Það var Farsæll 21-690 frá Raufarfelli en hann blandaði sér ekki í toppslaginn. Efsti hrúturinn Sævar 21-702 stóð sig afar vel og kom best út bæði í kjötmati og líflambaskoðun og var hann valinn fyrir stöðvarnar. Þá var einnig ákveðið að velja Þór 21-697. Hann var í raun með næst hæsta gerðarmat sláturlamba en fallþunginn var samt undir meðaltali í rannsókninni. Það sem gerði þennan hrút einnig áhugaverðan er að hann ber stökkbreytinguna C151 í príongeninu en það er einn af þeim breytileikum sem er til rannsóknar m.t.t. til næmi fyrir riðuveiki og væntingar um að hann efli mótstöðu kinda fyrir riðu.